

# Leiðbeiningar um skráningu iðkenda og greiðslu æfingagjalda í gegnum Nóra félagakerfi UMSS -

## Nóri – skráningar og innheimtukerfi hjá Tindastól

Tindastóll hefur tekið í notkun félakerfið Nóra og kemur það til með að halda utan um iðkendaskráningu og greiðslu æfingagjalda. Skráning iðkenda og greiðsla æfingagjalda mun nú fara fram á internetinu í gegnum Nóra. Með þessu vonumst við eftir að skráning iðkenda í íþróttafélagið verði markvissari og að mörgu leiti auðveldari heldur en áður hefur verið. Þetta er líka mikil hagræðing fyrir starfsmenn / sjálfboðaliða íþróttafélaganna og auðveldar þeim þennan þátt starfsins.

## Hvernig á að nýta tómstundaávísun?

Foreldrar fara inn á nýja skráningarkerfið á netinu <https://umss.felog.is> þar skrá þeir sig inn sem forráðamenn, velja „námskeið/flokkar í boði“ hjá barninu sem á að skrá.

Slóðin á Nóra kerfið hjá Tindastól er <https://umss.felog.is>

Í eftirfarandi skýringum er farið yfir notkun Nóra skref fyrir skref:

## 1. Nýskrá / Innskrá

### Að komast inní Nóra

- Þeir sem eru að skrá sig inn í Nóra í fyrsta skipti verða fyrst að samþykka skilmála og smella á “ Nýskráning ”
- Þeir sem áður eru búnir að fara í gegnum nýskráningu og eru með lykilorð þurfa einungis að samþykka skilmála, slá inn kennitölu, lykilorð og smella á “ Innskráning ” Þá er farið beint á síðuna “ Mínir iðkendur ”
- Ef lykilorðið er gleymt er smellt á “ Týnt lykilorð ” og þá er lykilorðið sent á skráð netfang viðkomandi. Ef hakað er í “ Muna eftir mér ” vistast innskráningarupplýsingar í tölvu viðkomandi.
- Næsta skref í nýskráningu er að slá inn kennitölu án bandstriks og smella á “ Áfram ” og fara þannig inná síðuna “ Nýskráning forráðamanns ”

## 2. Nýskráning forráðamanns

### Hérna eru settar inn almennar persónuupplýsingar

- Slá inn rétt heimilsfang, póstnúmer, símanúmer og netfang Velja lykilorð og slá það inn tvisvar. Lykilorð þarf að innihalda að lágmarki 5 stafi.
- Ef hakað er við “ Jafnframt iðkandi ” sjást öll námskeið sem eru í boði fyrir viðkomandi hjá Tindastól
- Að lokum slá inn öryggisstafi og smella á “ Skrá ”

Ekki þarf að biðja eftir að lykilorðið sé samþykkt og er það því ekki sent á netfang þannig að geymið lykilorðið vel.

### 3. Nýr iðkandi

- Hérna ætti að vera hægt að velja úr lista frá þjóðskrá þá sem eru skráðir á heimili þess forráðamanns sem er innskráður.
- Velja barn af listanum og smella á “ Áfram “
- Síðan þarf að setja inn símanúmer og netfang. Hérna eru oftast settar upplýsingar forráðamanns ef barnið er ungt. Þegar þær upplýsingar eru komnar smellið á “ Skrá “

Ef börn eru ekki skráð á heimili forráðamanns er best að hafa samband við viðkomandi deild sem á að skrá í og þá er hægt að færa börnin yfir í kerfinu. (hægt að sjá emailin neðst í þessu skjali)

### 4. Mímir iðkendur

**Hérna er hægt að sjá yfirlit yfir iðkendur er tengjast forráðamanni og það sem er í boði fyrir viðkomandi iðkendum.**

Smella á “ Námskeið/flokkar í boði “ við nafn þess sem á að skrá og þá birtist listi yfir það sem er í boði fyrir viðkomandi iðkanda.

### 5. Námskeið í boði

Smella í dálkinn “ Skráning “ við það námskeið sem skrá skal í.

## 6. Greiða fyrir skráningu iðkenda á námskeið

Slá inn í athugasemdareitinn upplýsingar sem mikilvægt er að þjálfari viti td. ofnæmi og annað.

### Íþróttta og tómstundastyrkur

- Til að nýta styrkinn frá sveitarfélaginu er nóg að haka við „Nota Frístundastyrk/tómstundarávísun“ um leið og hakað er í reitinn þá sækir kerfið heimild til sveitarfélagsins og ef iðkandi á rétt á styrk lækkar upphæðin í samtals reitnum.
- Kerfið býður upp á að styrknum sé skipt niður og því er hægt að stilla hversu mikinn skerf af styrknum þú vilt nýta á hvert námskeið sem barnið er skráð í. Þetta er gert með því að smella á „breyta“
- Athugið að ekki er hægt að endurgreiða tómstundastyrk sveitarfélagsins eftir að hann hefur verið nýttur.

### Greiðslufyrirkomulag

- Velja greiðslumáta – Slá inn viðeigandi upplýsingar samþykkja skilmála og fara á staðfestingasíðu.
- Ef enginn af þeim greiðslumöguleikum sem í boði eru hentar þá er best að setja sig í samband við forsvarsmann knattspyrnudeildar.

## 7. Staðfestingasíða

Yfirfarið upplýsingarnar að ofan og smellið á “ Skrá greiðslu “.

Ef einhverjar spurningar vakna, ekki hika við að hafa samband við knattspyrnudeild [fotbolti@tindastoll.is](mailto:fotbolti@tindastoll.is)